

Þorvaldur Gylfason\*

# Að vaxa í sundur

## Ágrip

Þessi ritgerð fjallar um hagvöxt víðs vegar um heiminn og tekur dæmi af sjö pörum eða hópum landa, sem svipaði mjög saman í efnahagslegu tilliti á árunum eftir 1960 og áttu margt annað sameiginlegt, en fylgdu samt ólíkri hagstjórnarstefnu og uxu í sundur. Löndin eru (a) Búrma og Taíland, (b) Tansanía, Kenía og Úganda, (c) Nígería, Botsvana og Gana, (d) Marokkó, Túnis og Egyptaland, (e) Úrúgvæ, Argentína og Spánn, (f) Haítí, Dóminíska lýðveldið og Barbados og (g) Madagaskar og Máritíus. Niðurstaðan er í stuttu máli þessi: hagstjórn og hagskipulag ráða miklu um hagvöxt landa til langs tíma litið.

## Summary in English

This paper discusses the economic growth record since 1964 of seven pairs or clusters of countries that started out in roughly comparable economic circumstances and had much else in common, but adopted different development strategies and grew apart. The cases considered are: (a) Burma and Thailand, (b) Tanzania, Kenya, and Uganda, (c) Nigeria, Botswana, and Ghana, (d) Morocco, Tunisia, and Egypt, (e) Uruguay, Argentina, and Spain, (f) Haiti, the Dominican Republic, and Barbados, and (g) Madagascar and Mauritius. The bottom line is that to grow or not to grow is in large measure a matter of choice.

*Það er ljóslega rétt, að til eru mörg lönd,  
sem eru ekki ýkja frábrugðin hvert öðru,  
hvorki hvað varðar skipan eignarréttar né í  
síðferðilegu og trúarlegu tilliti, og búa við  
áþekk skilyrði frá náttúrunnar hendi, en taka eigi  
að síður býsna mismiklum efnahagsframförum.<sup>1</sup>*

THOMAS MALTHUS

## I. Inngangur

Það er ekki ýkja langt síðan flestir hagfræðingar stóðu í þeirri trú, að hagvöxtur væri í raun og veru ónæmur fyrir öllu nema tækniframförum til langs tíma litið. Þetta voru þau ár, þegar tæknin hafði náð meiri tókum á hugum manna en nokkru sinni fyrr eða síðar. Sovétmenn höfðu sent fyrsta mannaða geimfarið á loft, og enda þótt enginn hefði enn heyrt getið um Neil Armstrong, þá var nafn Júrí Gagaríns á allra vörum. Níkita Krústsjov velktist því ekki í vafa, þegar hann staðhæfði seint á sjötta áratugnum: „Við munum jarða ykkur.“ Hann átti við yfirburði sovétskipulagsins umfram blandaðan markaðsbúskap. Í einkasamræðum virðist hann þó hafa verið eilítið varfærnari. Árið 1961 sagði

\* Rannsóknarprófessor í hagfræði í Háskóla Íslands og rannsóknarfélagi við Center for Business and Policy Studies (SNS) í Stokkhólmi, Centre for Economic Policy Research (CEPR) í London og Center for Economic Studies (CESifo) við háskólann í München. Þessi ritgerð er aukin og uppfærð gerð inngangskaflans í bók höfundar, *Principles of Economic Growth*, Oxford University Press, Oxford og New York, 1999. Dagfinnur Sveinbjörnsson, M.Phil., þýddi ritgerðina úr ensku og gerði ýmsar gagnlegar athugasemdir um efnið, en höfundurinn ber þó einn ábyrgð á því.

1. Thomas Malthus, *Essay on Population*, 5. útgáfa, London, 1817, bls. 310.

hann við gest frá Bandaríkjunum: „Við erum fullkomlega reiðubúnir til þess að láta söguna dæma um það, hvort kerfið hæfir mannkyninu betur og hvort þeirra mun lifa.“<sup>2</sup> Á sama tíma lýsti áhrifamesta hagfræðikennslubókin í Bandaríkjunum og heiminum öllum hagvaxtarhorfum risaveldanna tveggja til framtíðar á mynd, sem sýndi, hvernig það virtist alveg mögulegt, að þjóðarframleiðsla Sovétríkjanna færi fram úr þjóðarframleiðslu Bandaríkjanna kringum 2005, eða jafnvel fyrir 1990.<sup>3</sup> Norski hagfræðingurinn Ragnar Frisch, sem fékk síðar við annan mann fyrstu Nóbelsverðlaunin í hagfræði, gekk jafnvel enn lengra árið 1961, þegar hann skrifaði: „Mikill hluti hagfræðinga á Vesturlöndum lifir og smíðar kenningar sínar með klappa fyrir augunum ... Klapparnir munu ljúkast upp undir lok sjöunda áratugarins (hugsanlega fyrr). Þegar þar að kemur, þá mun iðnaðarframleiðsla í Sovétríkjunum vera orðin meiri en í Bandaríkjunum. *Hvað sem því líður, þá munu menn átta sig of seint.*“<sup>4</sup> Margir góðir og gegnir hagfræðingar víðruðu svipuð viðhorf í skrifum sínum á áttunda og níunda áratugnum.

Það var ekki einungis, að margir góðir hagfræðingar gerðu sér ekki fulla grein fyrir eyðileggingarmætti kommúnismans fyrir en það blasti við á tíunda áratugnum,<sup>5</sup> heldur hneigðust þeir flestir til að líta fram hjá afleiðingum efnahagsóstjórnar víða um þriðja heiminn fyrir

vaxtarmöguleika fátækra landa. Þeir gátu því ekki fellt reynslu þróunarlandanna að hefðbundnum hagvaxtarkenningum. Það þótti sýnt, að stjórn málaólga og náttúruhamfarir hefðu illar afleiðingar, en óstjórn létu menn sig litlu varða. Um þessar mundir tók hagstjórn einkum mið af því að koma á stöðugleika í efnahagslífinu og jafnari tekjuskiptingu. Hvorki verðbólga né ójöfnuður í skiptingu auðs og tekna voru þó talin skaða hagvöxt. Á sama hátt var gert fremur lítið úr eða jafnvel lítið fram hjá þeirri þýðingu, sem gott stjórnarfarir hefði fyrir hagvöxt til langs tíma lítið. Í háskólum heimsins var í kennslu og rannsóknum farið með hagþróun og hagvöxt sem tvö ólík viðfangsefni. Hagþróun var hálfsguleg lágteknigreinin, sem var einskorðuð við fátæk lönd, en hagvöxtur var á hinn bóginn hátæknigreinin innan þjóðhagfræðinnar og einskorðuð við rík lönd. Kennismiðum í hagvaxtarfræðum, þar á meðal Robert Solow, sem síðar fékk Nóbelsverðlaun fyrir hagvaxtarfræði sín, virtist sem þróunarhagfræðin sýndi sjálf ýmis merki vanþróunar, eins og viðfangsefni hennar, en það þýddi í sem fæstum orðum, að það mætti reyna að gera hana stærðfræðilegri.

Þegar horft er um öxl, virðist þessi aðskilnaður þróunarhagfræði og hagvaxtarkenninga harla undarlegur. Í *Audlegð þjóðanna* (1776) 200 árum áður hafði Adam Smith gert sannfærandi grein fyrir því, hvernig gott stjórnarfarir samfara frjálsum viðskiptum, einkaframtaki og einkaeygn var uppspretta auðs og þá einnig hagvaxtar. Með hans eigin orðum:

Þær þjóðir, sem hafa þroskast bætilega í kunnáttu, leikni og dómgreind um það hvernig á að beita vinnuaflinu hafa haft mjög margvíslegt skipulag á því, hvernig þær hafa almennt leiðbeint því eða stjórnað og þetta skipulag hefur ekki allt hentað jafn vel til þess að gera afurðir þeirra miklar að vöxtum.<sup>6</sup>

2. Sjá Armand Hammer, *Hammer: Witness to History*, Simon Schuster, New York, 1987.

3. Sjá Paul Samuelson, *Economics*, 8. útgáfa, McGraw-Hill, New York, 1970, mynd 42-1, bls. 831.

4. Ragnar Frisch, „Forord“ að Leif Johansen, *Norge og fellesmarkedet*, Oslo, 1961, bls. 9. Þýðingin er úr norsku. Skáletrunin er í frumtextanum.

5. En sumir skildu þetta og fóru ekki í graf götur með það. Friedrich von Hayek reyndist sannspár í bók sinni, *Leiðin til ánauðar* (1944). Til að nefna annað dæmi birti Jan Winiecki nokkrar greinar á níunda áratugnum, þar sem hann færði rök að því, að sovétkerfið væri dæmt til að hrynja fyrir en síðar. Sjá Jan Winiecki, „Are Soviet-Type Economies Entering an Era of Long-Term Decline?“, *Soviet Studies* 38, nr. 3, 1986, bls. 325-348, og „Soviet-Type Economies: Considerations for the Future“, *Soviet Studies* 38, nr. 4, 1986, bls. 543-561.

6. Adam Smith, *Rannsókn á eðli og orsökum audlegðar þjóðanna*, Bókafélagið, Reykjavík, 1997, bls. 7. Þýðingin er eftir Þorberg Þórrsson.

Smith var meiri hagvaxtarfræðingur en menn gerðu sér yfirleitt grein fyrir, þangað til nokkuð nýlega. Kjarni boðskapar hans í *Audlegð þjóðanna* er í stuttu máli sá, að verkaskipting auki hagkvæmni (þ.e. afköst framleiðsluþáttanna), en hún takmarkist af stærð markaðarins.<sup>7</sup> Af þessu leiðir, að til að mynda alþjóðaviðskipti auka hagkvæmni með því að stækka markaðinn, sem fyrir vikið stuðlar að auðsköpun og glæðir hagvöxt, að minnsta kosti þar til ávextir aukinnar hagkvæmni, sem er þannig til komin, skila sér til fulls. Það hefði eflaust ekki vafizt fyrir Smith að greina afleiðingar þeirrar innilokunarstefnu, sem Kwame Nkrumah fylgdi í Gana, eftir að landið fékk sjálfstæði árið 1958, að ekki sé minnzt á þá algeru einangrun, sem Enver Hoxha lagði á Albaníu, þar sem erlend viðskipti og fjárfesting voru bókstaflega bönnuð samkvæmt stjórnarskrá. Ef út í það er farið, hefði Smith engu heldur látið vefjast fyrir sér að rekja afleiðingar svipaðra tilhneiginga í minni skömmtum annars staðar. Það var eftir allt saman Adam Smith, sem fyrstur skýrði efnahagslega stöðnun og síðar hnignun Kína með vísan til þeirrar einangrunarstefnu og sjálfsþurftararbúskapar, sem þar var við lýði eftir 1433. Þessi stefna var reyndar ekki gefin upp á bátinn fyrr en árið 1978. Með hans eigin orðum:

Kína virðist hafa búið við kyrrstöðu lengi og hefur líklega fyrir löngu eignast allt það safn auðæfa sem er samrýmanlegt lögum þess og stofnunum. En þetta auðæfasafn kann að vera miklu síðra þeim auði sem náttúra jarðvegar landsins, loftslags og staðsetningar gæti gert því kleift að ávinna sér við önnur lög og stofnanir. Land, sem vanrækir eða fyrirlítur viðskipti við útlönd og heimilar útlendum farkostum aðeins lendingu í einni eða tveimur höfnum sínum getur ekki sinnt viðskiptum í sama mæli og það gæti byggi það við önnur lög og stofnanir.<sup>8</sup>

En nú er öldin önnur. Nú, þegar kommúnismanum hefur verið komið haganlega fyrir á sorphaugum sögunnar, þar sem hann á heima, og blandaður markaðsbúskapur stendur einn eftir, þá virðist næstum augljóst, að hagkerfi, hagstjórn og stofnanir hljóta að hafa frá upphafi ráðið miklu um hagvöxt þjóðanna yfir löng tímabil – það er um það, hvers vegna þjóðir vaxa í sundur. Er einhver önnur leið til þess að útskýra gerólíka reynslu Finnlands og Eistlands, Vestur- og Austur-Þýskalands, Austurríkis og Tékkóslóvakíu, Suður- og Norður-Kóreu, Taívans og Kína? Allt eru þetta grannlönd, sem í upphafi þjuggu við svipaðar efnahagsaðstæður og deildu ýmsu öðru. Svipað var ástatt um náttúruauðlindir og menningu, og í sumum tilfellum talaði fólkíð jafnvel sömu tungu. En þessar þjóðir tóku upp gerólík hagkerfi og þróuðust með alls ólíkum hætti síðustu hálfu öld.

Það, sem skildi á milli þeirra para, sem eru nefnd að ofan, var lengi vel ekki öllum ljóst, svo sem áður er getið. Til dæmis þá gáfu Suður- og Norður-Kórea upp svipaðan hagvöxt. Í báðum löndunum jókst þjóðarframleiðsla hröðum skrefum, ekki sízt fyrir tilstilli mikillar fjárfestingar. Munurinn var sá, að í Suður-Kóreu tók fjárfestingin aðallega mið af arðsemissjónarmiðum, en fjárfestingaráætlanir í Norður-Kóreu réðust af hugmyndafræði í fyrsta lagi og leiddu því ekki til uppbyggingar fjármagns, sem gæti stuðlað að aukinni framleiðslu til langs tíma litíð. Þótt mikil fjárfesting hafi örvað framleiðslu um tíma frá eftirspurnarhlið hagkerfisins, þá hlaut að koma að því, að upphleðsla óarðbærs fjármagns drægi efnahaginn niður frá framboðshlið hagkerfisins. Og nú blasa andstæðurnar við. Af þeim ástæðum, sem þegar hafa verið raktar, og mörgum öðrum, er ljóst, að einhæfur og altækur kommúnismi, sem byggir á miðstýringu og eignarhaldi ríkisins á næstum öllum framleiðsluöflum, reyndist vera gríðarleg skyssa, og gildir þá einu, hvar hann var tekinn upp, engu síður svo í Asíu en í Evrópu. Til dæmis var þjóðar-

7. Kafli III í fyrstu bók *Audlegðar þjóðanna* ber heitið „Verkaskiptingin takmarkast af stærð markaðarins“.

8. Adam Smith, *Rannsókn á eðli og orsökum audlegðar þjóðanna*, Bókafélagið, Reykjavík, 1997, bls. 76. Þýðingin er eftir Þorberg Þórsson.

framleiðsla á mann í Rússlandi árið 1998 minni en einn tólfti af þjóðarframleiðslu á mann í Bandaríkjunum.<sup>9</sup> Það er engin þörf á því lengur að dvelja við samanburð af þessu tagi. Það er engin undantekning frá þessu mynstri; Kína og Víetnam eru til að mynda engar undantekningar, þar sem öran hagvöxt þar síðan 1978 og 1987 má að miklu leyti rekja til þess, að horfið var frá miðstýrðum áætlunarbúskap. Þetta fráhrif átti sér stað af yfirlögðu ráði og undir stjórn ríkisvaldsins.<sup>10</sup>

Það eru eftir sem áður önnur pör landa eða klasar, sem kunna að vera athyglisverðari til samanburðar, þar eð skilin á milli hagkerfa þeirra eru ekki eins skýr. Ef hagkerfi tveggja landa eru ekki geróflík, er eftir sem áður hægt að rekja ólíka efnahagsþróun þeirra til ólíkrar hagstjórnar? Eða ræður tækni mestu um mismikinn hagvöxt? Eða saga landanna? Eða lega þeirra? Eða hugsanlega allt í senn?

Í þessari ritgerð verður fjallað um hagvöxt síðan snemma á sjöunda áratugnum í sjö slíkum pörum eða klösnum landa víðs vegar um heiminn. Ætlunin er að sýna fram á, að ekki einungis hagskipulag, heldur einnig hagstjórn, innviðir og stofnanir virðast hafa úrslitaáhrif á hagvöxt. Lögmál efnahagslífsins, líkt og náttúruleg málin, eru í grundvallaratriðum hin sömu hvar sem er: eftirspurn stendur í öfugu sambandi við verð

næstum eins ábyggilega og fallvötn renna niður á við í krafti þyngdarlögmálsins. Af þessu má draga þá ályktun, að flest af því, sem hér verður tínt til, eigi við um hátekjulönd, að breyttu breytanda, enda þótt dæmin séu að mestu sótt til miðlungs- og lágtekjulanda.

Öll sjö pörin eða klasarnir, sem koma við sögu, eiga eitt mikilsvert atriði sameiginlegt: hagkerfi þeirra hafa þróast mjög ólíkt síðast liðin 30-40 ár, enda þótt þau hafi í aðalatriðum búið við sambærilegar aðstæður í upphafi. Við byrjum í Asíu og berum saman hagþróun Taílands og Búrma (endurnefnt Mjanmar af herforingjastjórninni fyrir nokkrum árum). Þaðan höldum við til Afríku og lítum á þrjú samanburðardæmi af (a) Keníu, Tansaníu og Úganda, (b) Botsvana, Nígeríu og Gana og (c) Túnis, Marokkó og Egyptalandi. Þá höldum við til Suður-Ameríku og lítum á, hvernig Úrúgvæ og Argentínu hefur vegnað í efnahagslegu tilliti og berum það saman við Spán. Þaðan skjótumst við til Karíbahafsins, þar sem við heimsækjum Dómínísku lýðveldið, Haítí og Barbados. Að lokum leggjum við upp til Indlandshafs og berum saman Madagaskar og Míritíus.


## II. Búrma og Taíland

Við hefjum för okkar í Suðaustur-Asíu.

Fyrir á þessari öld var Búrma hrísgrjónakarfa Suðaustur-Asíu. Almennt var litið svo á, að Búrma væri í efnahagslegu tilliti mun betur í sveit sett en Taíland. Síðan 1962, þegar Ne Win hershöfðingi rændi völdum, 14 árum eftir að landið fékk sjálfstæði frá Bretlandi árið 1948, hefur Búrma haldið áfram „sigurgöngu til sósíalisma“ – þannig var þessu lýst í þá daga og er enn þarna austur frá. Eitt helzta kennileiti „búrmversku leiðarinnar“ hefur verið sjálfsþurftarbúskapur, án þess þó að herforingjarnir hafi gengið svo langt framan af að einangra landið frá umheiminum af ásettu ráði og í einu og öllu. Búrma var til dæmis um langt skeið virkur aðili að alþjóðastofnunum, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF) og Alþjóðabankanum, og það er annað en segja má um Sovétríkin sálugu og sum löndin á áhrifasvæði

9. Það er gagnlegt – og þess vegna viðtekin venja – að miða þjóðartekjusamanburð milli landa við kaupmátt heimilanna til að forðast ofmat á tekjum og lífskjörum í þeim löndum, þar sem verðlag er hátt vegna ýmislegrar óhagkvæmni heima fyrir, og þá um leið til að forðast ofmat á tekjumun ríkra landa og fátækra. Á kaupmáttarkvarða var þjóðarframleiðsla á mann í Rússlandi 1998 minni en einn sjöundi af þjóðarframleiðslu Bandaríkjanna. Enn er þó ekki vitað með vissu, hversu áreiðanlegur kaupmáttarkvarðinn er í slíkum samanburði. Alþjóðabankinn flokkar Rússland nú með miðlungs- og lágtekjulöndum og telur þjóðarframleiðslu á mann á kaupmáttarkvarða þar í landi svipaða og í Gvatemala.

10. Sjá Dwight Perkins, „Completing China's Move to the Market,“ *Journal of Economic Perspectives* 8, vorið 1994, bls. 23-46, og Per Ronnås og Örjan Sjöberg, „Economic Reform in Vietnam: Dismantling the Centrally Planned Economy,“ *Journal of Communist Studies* 7, nr. 1, 1991, bls. 7-19.



þeirra í Mið- og Austur-Evrópu, þegar kommúnisminn var enn við lýði þar austur frá. Auk þess voru margir búrmverskir embættismenn menntaðir við brezka háskóla, en því fór fjarri, að svo væri um starfsbræður þeirra í kommúnistalöndum.

Á áttunda áratugnum stóðu margir þeirra, sem fylgdust með úr fjarlægð, í þeirri trú, að allt væri með felldu í Búrma. Á þeim árum var það reyndar sannfæring margra góðra hagfræðinga, að miðstýring gæti til langs tíma litið leitt til meiri hagvaxtar en markaðsbúskapur, ekki sízt í þróunarlöndum, þótt flestir viðurkenndu, að mannréttindum væri áfátt í sósíalistaríkjum. Þau talnagögn, sem voru til taks um þjóðartekjur, virtust renna stöðum undir þessa skoðun: þau virtust sýna, að hagvöxtur væri viðunandi í Búrma og sambærilegur við hagvöxt Taílands (mynd 1).<sup>11</sup> Fjárfesting jókst hröðum skrefum,

11. Sakir nýlegra vandamála varðandi talnagögn um þjóðartekjur í Búrma undanskilur Alþjóðabankinn Búrma í gagnasafni sínu um þjóðartekjur á mann í Bandaríkjadöllum (*World Development Indicators* 1999). Af þessum sökum er mynd 1 með eilítið öðrum hætti en aðrar myndir í þessari ritgerð. Á mynd 1 er gerð tilraun til að bera saman hagvöxt á hvern íbúa í Búrma og Taílandi árin 1960-1997, og er það byggt á *World Development Indicators* 1999, án þess þó að sýna afstöðu þjóðarframleiðslunnar á hvern íbúa í löndunum tveim, en þjóðarframleiðslan er af handahófi látin jafngilda 100 árið 1960 í báðum löndum.

úr 12 prósentum af vergri landsframleiðslu í byrjun sjöunda áratugarins í yfir 20 prósent um 1980, sem var viðunandi á alþjóðavísu. Lítil gaumur var gefinn að gæðum þessarar miðstýrðu fjárfestingar. Og lítið var gert úr því, að útflutningur stóð í stað: hann nam einungis 9 prósentum af landsframleiðslu árið 1980, og hafði minnkað úr 20 prósentum árið 1960, á meðan útflutningshlutfall Taílands, á næsta bæ, hafði hækkað úr 16 prósentum í 24 prósent á sama tímabili. Hagfræði, eins og við þekkjum hana í dag, var ekki kennd við háskólann í Rangún; til að storka engum héldu hagfræðingarnir við háskólann heldur tölfræðilega fyrirlestra um slembiferla og annað í þeim dúr. Smám saman benti sífellt fleira til almennrar efnahagshnignunar í Búrma. Munurinn á Búrma og Taílandi varð sífellt áþekkari þeim mun, sem blasti við hverjum manni á landamærum Sovétríkjanna og Finnlands: Að snúa aftur til Bangkok frá Rangún var í augum margra ferðamanna, sem voru komnir langt að, líkt og að koma heim.

Frá og með miðjum níunda áratugnum rann það upp fyrir mönnum, að eitthvað mjög alvarlegt hafði farið úrskeiðis í Búrma. Taíland brunaði áfram, en Búrma stóð í stað. Lítil og léleg fjárfesting, útflutningur á hraðri niðurleið og hnignandi menntun, þar á meðal bókstafleg uppgufun nútímalegrar hagfræðiþekkingar úr stjórnkerfinu og úr háskólunum, leiddu í sameiningu til þessarar útkomu. Herföngjarnir bættu gráu ofan á svart með því að reyra efnahagslífið í stjórnmalafjötra. Árið 1990 þvertók herföngjastjórnin fyrir að viðurkenna stórsigur andófsaflanna í almennum þingkosningum. Leiðtogi Lýðræðisbandalagsins, Aung San Suu Kyi, sat í stofufangelsi til ársins 1995. Árið 1996 var háskólunum lokað (það er ekki enn búið að opna þá aftur).

Taílendingar gerðu engin viðlíka mistök, þótt herinn hafi að vísu annað veifið leikið virkt hlutverk í stjórnmalum landsins um árabíl. Sparnaður og fjárfesting hafa verið með miklum ágætum í Taílandi, þar sem fjárfesting var um 35 prósent af landsframleiðslu árið 1997 (var 42 prósent árið áður) borið saman við 13 prósent í Búrma. Þessi fjárfesting var að vísu misgóð,

Tafla 1. Valin lönd: Hagvöxtur, tekjur á mann, fjárfesting, útflutningur, menntun og verðbólga, 1965-1997

	Meðalvöxtur þjóðarfram- leiðslu á mann á ári 1960 -1997 (%)	Þjóðar- framleiðsla á mann 1997 (Bandaríkja- dalir á kaupmáttar- kvarða) <sup>1/</sup>	Fjárfesting í hlutfalli við landsfram- leiðslu 1960- 1997 (%, meðaltal) <sup>2/</sup>	Útflutningur vöru og þjónustu í hlutfalli við lands- framleiðslu 1960-1997 (%, meðaltal) <sup>2/</sup>	Opinber útgjöld til menntamála í hlutfalli við þjóðar- framleiðslu 1960-1996 (%, meðaltal) <sup>2/</sup>	Meðal- verðbólga á ári 1960- 1997 (%) <sup>2/</sup>
Búrma	...	...	14	7	2	11
Taíland	5,1	6.490	29	24	4	5
Kenía	1,4	1.160	21	29	6	8
Tansanía	0,7	620	22	15	3	25
Úganda	2,4	1.160	11	16	3	56
Botsvana	6,5	7.430	27	42	7	9
Nígería	0,3	860	18	22	2	17
Gana	-0,4	1.610	13	17	4	27
Marokkó	1,6	3.210	22	22	6	6
Túnis	2,8	5.050	26	32	6	6
Egyptaland	3,2	3.080	22	20	5	9
Úrúgvæ	1,2	9.110	16	19	3	55
Argentína	1,2	10.100	22	8	2	111
Spánn	3,3	15.690	24	16	3	9
Barbados	2,4	10.220	20	57	7	6
Dóminíska lýðveldið	2,5	4.690	21	26	2	11
Haítí	-1,0	1.260	12	14	2	11
Madagaskar	-1,3	900	10	16	3	12
Máritíus	3,3	9.230	23	49	4	8

Heimild: Alþjóðabankinn, *World Development Indicators 1999*, Oxford University Press, Oxford, 1999, og meðfylgjandi tölvu-disklingur.

<sup>1/</sup> Tölurnar um Barbados eiga við 1995.

<sup>2/</sup> Sum meðaltölin eiga við skemmri tímabil vegna skorts á gögnum.

sumpart vegna þess að stjórnmalámennt hafa verið áhrifamiklir í bankakerfinu og þeir hneigjast til að taka atkvæði fram yfir arðsemi. Útflutningur í Taílandi hefur rokið upp: árið 1997 nam hann um 47 prósentum af landsframleiðslu, á meðan sama hlutfall var 1 prósent í Búrma, og er hið síðar nefnda lægsta útflutningshlutfall, sem sögur fara af. Árangur Taílands er einnig góður í menntamálum: sem dæmi um það má nefna, að skráning í framhaldsskóla og háskóla jókst úr þriðjungi í helming frá 1980 til 1993, jafnvel þótt það sé enn langt neðan við skóla-sókn í flestum háteknulöndum. Nánar tiltekið var


aðsókn að framhaldsskólum í Taílandi 56 prósent af hverjum árgangi árið 1996 og að háskólum 21 prósent, borið saman við 30 prósent og 6 prósent í Búrma. Ennfremur hafa útgjöld almanna-valdsins til menntamála í Taílandi verið helmingi meiri miðað við þjóðarframleiðslu en í Búrma síðan 1960 (tafla 1). Af þessu má draga þessa ályktun: ef fjárfesting, útflutningur og menntun eru mikilsverðar uppsprettur hagvaxtar – eftir þeirri grundvallarreglu, að allt, sem eykur hagkvæmni, stuðlar einnig að hagvexti – þá þarf engan að undra, að Taíland hafi farið fram úr Búrma.

Frá 1960 til 1997 jókst þjóðarframleiðsla á mann á Taílandi sexfalt, sem jafngildir um 5 prósentu aukningu á ári að jafnaði, á meðan Búrma stóð í stað (mynd 1). Eigi að síður var fólksfjöldun meiri í Taílandi en í Búrma á þessu tímabili, og jókst mannfjöldinn um 2,3 prósent að meðaltali á ári, á meðan fólkinu fjölgaði um 1,9 prósent á ári í Búrma. Þetta segir okkur, að hafi þjóðarframleiðsla á mann verið hin sama árið 1960, eins og myndin sýnir, þá var Taíland orðið sex sinnum auðugra en Búrma árið 1997. Þetta er það, sem gerist á 37 árum, þegar það munar 5 prósentum á hagvexti tveggja landa. Að því gefnu, að enn sé umtalsvert svigrúm til þess að (a) bæta fjárfestingu (með betra bankakerfi, eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mælti með þegar árið 1997), (b) auka útflutning enn frekar og (c) glæða framfarir í menntamálum, auk annars, þá virðast hagvaxtarhorfur Taílands ennþá bjartar. Hrunið á gjaldeyris- og verðbréfamörkuðum árin 1997-1998 virðist ekki líklegt til að dekkja þessar langtímahorfur. Þegar á heildina er lítið, virðist efnahagslíf Taílands í aðalatriðum standa á traustum grunni. Það virðist líklegt, að dýfan árin 1997-1998 muni til langs tíma lítið stuðla að auknum útflutningi og betri fjárfestingu. Reynsla Taílands og nokkurra annarra landa í Asíu vitnar um, að mikill hagvöxtur yfir löng tímabil er ekki alltaf tekinn út með sældinni, heldur stundum með rykkjum og skrykkjum.

### III. Tansanía, Kenía og Úganda<sup>12</sup>

Eftir að Tansanía og Kenía fengu sjálfstæði upp úr 1960, nutu bæði löndin tiltölulega stöðugs hagvaxtar í næstum tvo áratugi, eða fram til ársins 1980 (mynd 2).<sup>13</sup> Svipuð þróun þessara landa var almennt talin renna stöðum undir það útbreidda sjónarmið, að miðstýring eins og í Tansaníu væri engu síður til þess fallin að stuðla

12. Þessi hluti á rætur í Þorvaldur Gylfason, Torben M. Andersen, Seppo Honkapohja, Arne Jon Isachsen og John Williamson, *The Swedish Model under Stress: A View from the Stands*, SNS Förlag, Stokkhólm, 1997, kafli 1.



að efnahagslegum framförum en markaðsbúskapur eins og í Keníu. Samanburðurinn á við vegna þess, að þessi tvö lönd eru náskyld og með þeim er mikill svipur að flestu öðru leyti, þau eru næstum eins og tvíburar. Það er að vísu rétt, að Kenía var í upphafi lítið eitt auðugra land og hagkerfið óx örlitlu hraðar, en munurinn var ekki mikill. Margir færðu rök að því frá upphafi, að sósíalismi í Tansaníu, eins og yfirgripsmikill sósíalismi almennt og yfirleitt, hvar sem er, hlyti að enda með ósköpum. En þau talnagögn, sem lágu fyrir um fyrstu 20 árin að fengnu sjálfstæði, virtust engan veginn renna stöðum undir sjónarmið þeirra.

En svo? Eins og sjá má á mynd 2 hnignaði efnahag Tansaníu mjög á níunda áratugnum, og fyrir vikið eru lífsskjör þar nú mun lakari en í Keníu.<sup>14</sup> Þegar horft er um öxl, virðist sem þessi niðurstaða hafi verið óumflýjanleg. Það stafar af ýmsu. Svo að dæmi sé tekið, þá leiddi fjárfesting, sem réðst mestanpart af stjórnmalasjónarmiðum og metnaði, til hækkandi tekna og betri lífsskjara um skeið, eins og ævinlega, en hún bar ekki arð. Hagkerfið hlaut því að verða veikara

13. Gögn um landsframleiðslu í Tansaníu eiga rætur í tveim tímaraðum: þjóðarframleiðsla á mann á verðlagi hvers árs fyrir árabilið 1972-1989 úr *World Tables* frá Alþjóðabankanum (1994) og úr *World Development Indicators* (1999) fyrir árin þar á eftir. Af þessum sökum verða skil árið 1990, eins og sjá má.

fyrir og hrynja á endanum undan auknum þunga óarðbærs fjármagns, bæði framleiðslufjármagns og mannaúðs, með svipuðum hætti og í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum.<sup>15</sup>

Efnahagslífi Kenú hnignaði einnig eftir 1980. Það má hafa til marks um, að markaðsbúskapur dugir ekki einn sér til að tryggja góðan árangur í efnahagsmálum, sérstaklega ef hann er gegnsýrður af miklum ríkisafskiptum og þrálátri spillingu. Eigi að síður hefur Tansanía dregizt langt aftur úr Kenú og er nú einnig langt að baki Úganda, sem mátti þó þola afleiðingar hörmulegs borgarastríðs og meðfylgjandi eyðileggingu (tafla 1).

Hvaða ályktanir má draga af þessu?

Það virðist deginum ljósara, að rausnarleg efnahagsaðstoð Vesturlanda við áætlunarbúskap Tansaníu hafi ekki verið við hæfi.<sup>16</sup> Sú efnahagsstefna, sem Júlíus Nyerere forseti – sem er reyndar fagaður menntamaður og þýðandi tveggja af leikritum Shakespeares á Svahílí –

fylgdi, olli varanlegri spjöllum á hagkerfi Tansaníu en jafnvel Ídí Amin forseti náði að leiða yfir Úganda. Raunasaga Tansaníu er sígild áminning um eyðileggingarmátt hreinnar óstjórnar í efnahagsmálum. Yfirgripsmikill sósíalismi hefur ávallt og alls staðar leitt til hörmunga; það er ekkert dæmi til um árangursríkan, miðstýrðan áætlunarbúskap að sovézki fyrirmynd, hvorki í þróunarlöndum né annars staðar. Miðstýring hefur reynt fara illa saman við hagkvæmni, stöðugleika, langdrægan hagvöxt og einnig lög og rétt. Nánar tiltekið má segja, að ríkisrekinn sósíalismi og miðstýring hafi slævt og spillt löngun einstaklingsins til að nýta getu sína og hæfni í þjóðhagslega þörfum tilgangi og einnig dregið úr uppbyggingu arðbærs mannaúðs. Eðlileg umbun var ekki til staðar, og smám saman leiddi það til þess, sem félagssálfraeðingar nefna „áunnið hjálparleysi“. Þrátt fyrir mikla uppveiflu í byrjun lagði sósíalisminn lamandi hönd á efnahagslegar framfarir. Í þessu tilliti skiptir það engu máli, hvort sósíalisminn er sagður hafa „mannlega ásjónu“ eða ekki.

Stundum er haft á orði, að hagfræði sé ólík efnafraeði að því leyti, að í hagfræði sé ekki hægt að gera tilraunir í rannsóknarstofum. Eigi að síður var miðstýring risavaxin hagræn tilraun. Rannsóknarstofan náði yfir fjórðung af yfirborði jarðar, og nær þriðjungur mannkyns var notaður sem tilraunadýr. Niðurstöðurnar liggja fyrir: tilraunin var tröllaukin mistök.

Enginn getur neitað því nú, að þeir, sem frá upphafi vöruðu við altækum sósíalisma, svo sem Friedrich von Hayek í hinni umdeildu bók sinni *Leiðin til ánaúðar* (1944), höfðu á réttu að standa. Og Hayek var ekki sá fyrsti. Hlustið til dæmis á Alfred Marshall, einn mesta hagfræðing Breta á 19. öld:

Það er því ærin ástæða til að óttast það fyrir fram, að opinbert eignarhald á framleiðsluþáttunum myndi leggja lamandi hönd á þann kraft, sem býr í mannkyninu, og stæði í vegi efnahagslegra framfara; ... Og ... það gæti líklega dregið í dróma margt af því, sem er fegurst og gleðilegast í einkalífi fólks.<sup>17</sup>

14. Ferlarnir á mynd 2 væru flatari, ef þjóðarframleiðsla á mann væri mæld í Bandaríkjadöllum á föstu verðlagi frekar en á verðlagi hvers árs, en afstaða ferlanna innbyrðis væri óbreytt. Hið sama á við um myndir 3-7 síðar í ritgerðinni. Gengisleiðréttingin á myndum 2-7 er gerð samkvæmt svo nefndri Atlas-aðferð Alþjóðabankans og felst í því, að gjaldeyrir hvers lands er færður yfir í Bandaríkjadali með því að nota þriggja ára vegið meðaltal opinberrar gengisskráningar eða aðra sambærilega yfirfærsluaðferð, ef þörf krefur (þ.e. ef opinbert gengi gjaldmiðilsins endurspeglar ekki þá raunverulegu gengisskráningu, sem stuðt er við í milliríkjavíðskiptum).

15. Sjá William R. Easterly and Stanley Fischer, „The Soviet Economic Decline,“ *World Bank Economic Review* 9, nr. 3, 1995, bls. 341-371.

16. Til dæmis jukust framlög Svía til Tansaníu smátt og smátt úr innan við 1 prósentu af landsframleiðslu Tansaníu árið 1970 í um það bil 2 prósentum um 1980. Og þegar mest var, námu framlögin meira en 4 prósentum af landsframleiðslu í Tansaníu á árunum 1989-1990. Síðan þá hefur samdráttur í opinberum útgjöldum í Svíþjóð leitt til þess, að aðstoð við þróunarlönd hefur dregizt snarlega saman, og aðstoð við Tansaníu á árunum 1994-1995 var um það bil fjórðungur af því, sem hún var, þegar mest lét. Heimild: SIDA (Alþjóðapróunarstofnun Svíþjóðar).



Ýmsir, sem gerðu lítið úr viðvörnum af þessu tagi, hvort sem var af hugmyndafræðilegum eða öðrum ástæðum, fóru fram á reynslurök til sannindamerkis um, að miðstýring væri lakari kostur en markaðsbúskapur. Mynd 2, sem lýsir reynslunni í Austur-Afríku, er því ljóslega til marks um, að á sjöunda áratugnum var ekki kostur á neinni slíkri sönnun, og jafnvel ekki heldur á áttunda áratugnum. Á níunda áratugnum stóð þetta skrifað skýrum stöfum, og á tíunda áratugnum var síðan gert út um málið í eitt skipti fyrir öll. En jafnvel þótt reynslurök séu ær og kýr hagfræðinga, þá er lykillinn að árangursríkum efnahagsumbótum miklu fremur vandleg greining og glögg innsei; hagrannsóknagögn, hvað þá sannanir, geta einungis komið til sögunnar eftir á. Að svo miklu leyti sem vitað er, þá fór Roosevelt Bandaríkjaforseti ekki fram á sönnun, þegar hann tók á móti John Maynard Keynes í Hvíta húsinu árið 1934 til að kynnast hugmyndum hans um, hvernig hægt væri að rífa heimsbúskapinn upp úr Kreppunni miklu.<sup>18</sup> Og ekki krafði stjórn Verkamanna-flokksins á Nýja-Sjálandi ráðgjafa sína um sönnun, áður en hún réðst í metnaðarfulla – og á endanum árangursríka, eins og nú virðist ljóst – kerfisumbætur á miðjum níunda áratugnum. Og ekki krafði ríkisstjórn Póllands undir stjórn Samstöðu Jeffrey Sachs prófessor á Harvard um sönnun árið 1989, þegar Sachs lagði ásamt öðrum á ráðin um róttækar markaðsumbætur í landinu.<sup>19</sup> Í engu þessara dæma var kostur á sönnun. Krafa um sönnun við slíkar aðstæður er uppskrift að aðgerðarleysi.


Eitt enn, og þetta er ef til vill veigamesta at-riðið. Sveiflur í efnahagslífi þjóðanna geta verið langar. Tansanía geldur enn dýrum dómum ákvarðana, sem voru teknar stuttu eftir að landið fékk sjálfstæði snemma á sjöunda áratugnum. Fráhvarf frá misheppnaðri hagstjórnarstefnu úr

fortíðinni dygði ekki eitt sér til að snúa Tansaníu við. Róttækra umskipta á ýmsum innviðum samfélagsins er einnig þörf og á almennum viðhorfum og hugarfari, sem teygja rætur sínar djúpt. Það er með öðrum orðum þörf á hugarfarsbreytingu. Þau umskipti eru nú þegar hafin.

#### IV. Nígería, Botsvana og Gana

Höldum okkur enn um sinn í Afríku. Þar er landið, sem á heimsmet í hagvexti síðast liðinn aldarfjórðung: Botsvana. Sagan af Botsvana er athyglisverð, ekki sízt af því, að í hugum margra er Afríka ímynd örbirgðar og örvæntingar.

Við byrjum í Nígeríu. Þegar verð á olú á heimsmörkuðum hækkaði í fyrsta sinn, leiddi það til efnahagslegrar uppsveiflu, sem var ólík öllu öðru, sem landsmenn áttu að venjast. Þjóðartekjur á mann í þessu olúframleiðsluríki jukust næstum fjórfalt frá 1972 til 1981. Full bjartsýni og metnaðar varði ríkisstjórn landsins ómældu fé til þess að byggja 31 háskóla vítt og breitt um landið. Það var ekki góð fjárfesting í landi, þar sem helmingur fullorðinna er ólæs og einungis fimmtungur ungs fólks gengur í framhaldsskóla. Margar aðrar fjárfestingarákvarðanir við upphaf olúæðisins voru af svipuðum toga. Til að gera langa sögu stutta þá hlaut þjóðarframleiðslan á endanum að sligast undan óarðbæru fjármagni. Nú, 25 árum síðar, er Nígería í



17. Alfred Marshall, *Principles of Economics*, 8. útgáfa., Macmillan, London, 1920, bls. 593.

18. Sjá John Kenneth Galbraith, *The Age of Uncertainty*, 1977, André Deutsch, London, bls. 214.

19. Sjá Jeffrey D. Sachs, *Poland's Jump to a Market Economy*, MIT Press, Cambridge, Massachusetts, 1994.

raun og veru aftur á byrjunarreit (mynd 3). Næstum allur gróði af auknum olíuútflutningi er fókinn út í veður og vind. Fjárfesting, sem var að meðaltali 12 prósent af landsframleiðslu á sjöunda áratugnum, fyrir uppsveifluna, jókst í 23 prósent af landsframleiðslu að meðaltali á áttunda áratugnum, og náði hámarki í 31 prósent af landsframleiðslu árið 1976, áður en hún féll niður fyrir 10 prósent af landsframleiðslu á miðjum níunda áratugnum. Snemma á tíunda áratugnum jókst fjárfesting aftur upp fyrir 20 prósent, en féll síðan niður í 15 prósent af landsframleiðslu árið 1997. Það bætti ekki úr skák, að olíuútflutningurinn ruddi úr vegi öðrum útflutningi, sem árið 1970, fyrir uppsveifluna, nam meira en 40 prósentum af heildarútflutningi, en minnkaði niður í 4 prósent árið 1980 og í 3 prósent árið 1990. Reynsla Nígeríu er ágætt dæmi um það, hvernig lítil og léleg hagstjórn og ólýðræðislegir stjórnarhættir geta leitt til þess, að gnægð náttúruauðlinda verður á endanum blendin blessun í bezta falli.

Gana hefur vegnað eilítið betur, sér í lagi eftir miðjan níunda áratuginn, en þá átti landið náð samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann og þáði ráð þeirra um ýmsar hliðar efnahagsstjórnarinnar. Hagþróunarstefna Nkrumahs var tekin til gagngerrar endurskoðunar og henni gerbreytt, og hagkerfið var opnað fyrir aukinni milliríkjaverzlun og fjárfestingu. Á tímabilinu, sem um ræðir, 1960-1997, minnkaði verg þjóðarframleiðsla á mann um næstum ½ prósent á ári að jafnaði (tafla 1), en síðan 1990 hefur hún vaxið um 1½ prósent að meðaltali á ári. Samhliða þessu minnkaði útflutningur á vörum og þjónustu fyrst um sinn um 28 prósent af landsframleiðslu árið 1960 í 3 prósent árið 1982, en jókst síðan í 24 prósent árið 1997. Um fjárfestingu er svipaða sögu að segja: fjárfesting minnkaði úr 13 prósentum af landsframleiðslu árið 1966 í 4 prósent árið 1982, en jókst síðan aftur í 24 prósent árið 1997. Verg erlend fjárfesting, sem streymdi inn í Gana, nam 1,9 prósent af landsframleiðslu árið 1997 og hafði þá aukizt úr 0,4 prósentum árið 1980.

Þetta leiðir okkur til Botsvana, en þar á bæ hefur landsframleiðsla á hvern íbúa aukizt um

6½ prósent að jafnaði á ári síðan 1960 (tafla 1). Þetta jafngildir því, að tekjur á mann eru núna 10 sinnum hærri að raungildi en árið 1960. Þar til síðla á áttunda áratugnum þróuðust Botsvana og Nígería í stórum dráttum með sambærilegum hætti eins og sjá má á mynd 3, en síðan skildi leiðir. Bæði þessi lönd reiða sig mjög á náttúruauðlindir: Nígería á olíu, Botsvana á demanta. Í dag nemur olía 90 prósentum af heildarútflutningi Nígeríu og 80 prósentum af tekjum ríkisins, á meðan demantar eru 80 prósent af heildarútflutningi Botsvana og 50 prósent af þjóðarframleiðslu. Botsvana er lýðræðisríki, þótt sami stjórnmalaflokkur hafi farið með völd, síðan landið fékk sjálfstæði árið 1966. Á sama tíma hefur Nígería að mestu verið stjórnað af hernum síðan 1966, en þar er nú lýðræðislega kjörinn forseti. Mikilsverð skýring á þessari sundurleitu reynslu virðist vera þessi: Botsvana hefur stjórnað og ráðstafað auðlindagnægð sinni af hyggindum og nýtt hana til að minnka ólæsi<sup>20</sup> niður í fjórðung af fólksfjöldanum árið 1997, en sama tala nemur 40 prósentum í Nígeríu, og til að auka aðsókn að framhaldsskólum í tvo þriðju hluta af hverjum árgangi árið 1996 á móti þriðjungi í Nígeríu. Þrátt fyrir allt þetta voru þjóðartekjur Botsvana lægri en þjóðartekjur Nígeríu árið 1964. Svona geta hlutirnir breytzt hratt.<sup>21</sup>

Og síðan er þetta: hin hraða hagþróun í Botsvana hefur markazt af mestum stöðugleika af þessum þrem löndum, og gildir þá einu, hvort stöðugleiki er mældur sem staðalfrávik hagvaxtar frá ári til árs í hlutfalli við meðalhagvöxt yfir tímabilið í heild, eða þá með enn einfaldari hætti, sem meðalverðbólga á tímabilinu. Samkvæmt fyrr nefndu aðferðinni er óstöðugleiki 1,3 í Botsvana, 4,4 í Gana og 7,4 í Nígeríu. Þetta

20. Það gerði Kúba einnig, en er þó enn sem fyrr á hvínandi kúpunni eftir 40 ára áætlunarbúskap. Aukið læsi er nauðsynlegt, en ekki nægilegt skilyrði fyrir hagsæld.

21. Svo sannarlega. Botsvana hefur orðið mjög illa fyrir barðinu á alnæmisfaraldrinum. Á síðustu árum hafa lífslíkur við fæðingu minnkað úr 60 árum í 47 ár. Þrátt fyrir þetta hafa löndin þrjú búið við sömu fólksfjölgun á árunum 1985-1995, eða 3 prósent á ári að meðaltali. Árið 1997 nam fólksfjöldi í Botsvana 1,5 milljón og 18 milljónum í Gana, og í Nígeríu voru 118 milljónir.


byggir á hagvaxtarmynstri árána 1964-1997 eins og sjá má á mynd 3. Meðalaukning þjóðarframleiðslu á hvern íbúa frá 1960 til 1997 var 6,5 prósent í Botsvana borið saman við 0,3 prósent í Nígeríu og -0,4 prósent í Gana. Þetta er vitanlega lítið úrtak, en reynsla þessara þriggja landa sýnir, að í því landi, þar sem óstöðugleiki er minnstur (Botsvana), hefur hagvöxtur verið mestur síðan 1960. Samanburður á verðbólgu í þessum þrem löndum leiðir til svipaðrar niðurstöðu. Frá 1960 til 1997 var verðbólga 9 prósent að meðaltali á ári í Botsvana borið saman við 17 prósent í Nígeríu og 27 prósent í Gana. Í þessum litla hópi er það land, sem býr við minnsta verðbólgu (Botsvana), enn og aftur landið, sem býr við mestan hagvöxt. Reynslan virðist benda til þess, að stöðugt verðlag stuðli að hagvexti og öfugt.<sup>22</sup>

Ef tölurnar á mynd 3 eru settar á svo nefndan kaupmáttarkvarða, þá hækkar mat Alþjóðabankans á þjóðarframleiðslu á hvern íbúa í Botsvana árið 1997 úr 3.310 \$ í 7.430 \$; í Gana úr 390 \$ í 1.610 \$; og í Nígeríu úr 280 \$ í 860 \$ (tafla 1). Með einum alþjóðlegum Bandaríkjadal (\$) er átt við það magn af vörum og þjónustu, sem fengist í heimalandinu fyrir einn dal í Bandaríkjunum.<sup>23</sup>

## V. Marokkó, Túnis og Egyptaland

Næst berum við saman hagvöxt í þrem Norður-Afríkulöndum: Marokkó, Túnis og Egyptalandi. Þjóðirnar, sem byggja þessi þrjú lönd, tala sömu tungu, og menning þeirra og trú eru nátengdar, jafnvel þótt Kasablanka sé lengra frá Kaíró en Reykjavík frá Róm.

Mynd 4 sýnir þróun þjóðarframleiðslu á hvern íbúa í þessum þrem löndum frá 1964 til 1997. Árið 1964 var tiltölulega svipað ástætt um þessi lönd og þar til leið fram á áttunda áratuginn. Síðan árið 1970 hefur hagvöxtur þó verið umtalsvert hraðari í Túnis en í hinum löndunum tveim, svo að árið 1997 var þjóðarframleiðsla á



mann í Túnis meira en helmingi meiri en í Marokkó og Egyptalandi.

Hagvöxtur hefur verið ójafnari í Marokkó en í Egyptalandi og mun hægari á síðustu árum, en Egyptaland er um þessar mundir að uppskera árangur efnahagsumbóta, sem var ráðizt í, eftir að Sovétríkin hrundu og mönnum varð ljóst, að miðstýring er ekki til þess fallin að næra hagvöxt til langs tíma lítið. Bæði Marokkó og Túnis tóku djúpar dýfur af öðrum ástæðum á níunda áratugnum. Óstöðugleiki er áberandi einkenni á efnahagslífi Arabaríkjanna: efnahagsþróun þeirra hneigist til að vera tiltölulega óstöðug, fyrst og fremst vegna þess, að þessi lönd reiða sig á náttúruauðlindir, sérstaklega olíu, og verð á olíu sveiflast yfirleitt mjög á alþjóðamörkuðum. Óstöðugleiki í efnahagslífinu hamlar hagvexti.

Hvernig getum við gert grein fyrir þeim ólíku hagvaxtarferlum, sem við sjáum á mynd 4? Lítum á nokkrar hugsanlegar skýringar.

**Fjárfesting.** Innlend fjárfesting hefur verið meiri í Túnis en í hinum löndunum tveim, eða 26 prósent af landsframleiðslu að meðaltali á árunum 1960-1997 borið saman við 22 prósent í Marokkó og Egyptalandi. Eigi að síður hefur erlend fjárfesting verið meiri í Marokkó á síðari árum en í hinum tveim, eða 3,6 prósent af landsframleiðslu í Marokkó borið saman við 1,7 prósent í Túnis og 1,2 prósent í Egyptalandi (1997). Arðbær fjárfesting, bæði innlend og erlend, stuðlar að hagvexti.

22. Sjá Stanley Fischer, „The Role of Macroeconomic Factors in Growth,” *Journal of Monetary Economics* 32, December 1993, bls. 485-512.

23. Sjá neðanmálsgrein 9.

**Útflutningur.** Hagkerfi Túnis er opnara fyrir erlendum viðskiptum en hagkerfi hinna landanna tveggja. Í Túnis nam útflutningur að meðaltali 32 prósentum af landsframleiðslu árin 1960-1997 borið saman við 22 prósent í Marokkó og 20 prósent í Egyptalandi. Aðrir mælikvarðar á það, hversu opin þessi hagkerfi eru, benda í sömu átt. Summa útflutnings og innflutnings í hlutfalli við landsframleiðslu á kaupmáttarkvarða árið 1997 var 27 prósent í Túnis, 14 prósent í Marokkó og 9 prósent í Egyptalandi. Þessar tölur benda til þess, að þessi þrjú lönd eru tiltölulega lokuð miðað við önnur lönd heimsins, svo sem mörg önnur Arabalönd. Túnis, sem þó er opnast þessara þriggja landa, leggur að meðaltali 30 prósentu toll á innflutning, sem er hátt hlutfall á alþjóðavísu. Innflutningsverndin virðist líkleg til að rýra hagvöxt, ekki sízt vegna þess að Túnis er lítið land, þar sem fólksfjöldi er 9 milljónir (borið saman við 27 milljónir í Marokkó og 60 milljónir í Egyptalandi). Lítil lönd eru sérstaklega viðkvæm fyrir viðskiptahindrunum.

**Menntun.** Enn og aftur er Túnis fremst í flokki. Útgjöld til menntamála í Túnis voru 7 prósent af þjóðarframleiðslu árið 1995 borið saman við 6 prósent í Marokkó og 5 prósent í Egyptalandi. Eigi að síður er sókn í framhaldsskóla meiri í Egyptalandi (75 prósent) en í Túnis (65 prósent) og Marokkó (39 prósent). Í menntun er sérstaklega mikilvægt að gera greinarmun á magni og gæðum. Arabþjóðirnar verja meiri tíma til trúarbragðanáms í skólum en flestar aðrar þjóðir, og fyrir vikið er minni tími aflögu til náms í öðrum greinum.

**Frumframleiðsla.** Umfang og samsetning útflutnings ráða miklu um hagvöxt. Hlutfall frumframleiðslu í útflutningi er lægra í Túnis en í hinum löndunum tveim, eða 59 prósent í Túnis að meðaltali á árunum 1960-1997 á móti 71 prósentu í Marokkó og 74 prósentum í Egyptalandi. Fyrir vikið hefur Túnis tekizt betur að gera hagkerfi landsins fjölbreytilegt og flytja út unnar afurðir og þjónustu. Þetta hefur umtalsverða þýðingu, því að reynslan virðist benda til þess, að útflutningur frumframleiðslu stuðli að öðru jöfnu síður að hagvexti en útflutningur á

unnum vörum og þjónustu.<sup>24</sup> Marokkó er heimsins mesti útflytjandi á fosfati (sem er notað til áburðarframleiðslu), og Túnis flytur út bæði fosfat og olíu, en Egyptaland framleiðir olíu til heimabruks og útflutnings í nokkurn veginn jöfnum hlutföllum. Þjónusta er eigi að síður orðin veigamest í efnahagslífinu í öllum þessum löndum, og nemur 51 prósentu af landsframleiðslu í Egyptalandi og Marokkó og 58 prósentum í Túnis (1997).

**Verðbólga.** Verðbólga var svipuð í Túnis og Marokkó 1960-1997, eða 6 prósent á ári að jafnaði í báðum löndunum, og 9 prósent í Egyptalandi. Það virðist ekki líklegt, að svo lítil munur geti haft mikið að segja um hagvaxtarmuninn í Egyptalandi og hinum löndunum tveim. Nýlegar rannsóknir virðast benda til þess, að mikil verðbólga dragi úr hagvexti, en hversu mikil verðbólgan verður að vera til þess, að svo verði, er ekki enn vitað með vissu. Það virðist skynsamlegt að gizka á, að mörkin milli verðbólgu, sem er nógu mikil til að rýra hagvöxt, og verðbólgu, sem nógu lítil til að láta hagvöxtinn í friði, liggi einhvers staðar á bilinu 10 til 20 prósent á ári. Frekari rannsóknir gætu hugsanlega lækkað þessi mörk.

**Útgjöld hins opinbera.** Ríkisgeirinn er viðamestur í Egyptalandi af löndunum þrem. Útgjöld hins opinbera námu að meðaltali 42 prósentum af landsframleiðslu árin 1970-1996 borið saman við 31 prósent í Marokkó og 33 prósent í Túnis. Ennfremur hafa fyrirtæki í eigu ríkis og byggða leikið viðamikil hlutverk í öllum löndunum þrem, sérstaklega í Egyptalandi, þar sem ríkisfyrirtæki stóðu að baki tveim þriðju hlutum innlendrar fjárfestingar á árunum 1985-1990 borið saman við 20 prósent í Marokkó og 30 prósent í Túnis. Af löndunum þrem ver Egyptaland einnig mestu til varnarmála, eða 6

24. Sjá Jeffrey D. Sachs og Andrew M. Warner, „Natural Resource Abundance and Economic Growth,“ *HIID Development Discussion Paper No. 517a*, 1995, og Gylfi Zoëga, Tryggvi Þór Herbertsson og Þorvaldur Gylfason, „A Mixed Blessing: Natural Resources and Economic Growth,“ *Macroeconomic Dynamics* 3, júní 1999, bls. 204-225.

prósentum af þjóðarframleiðslu á móti 4 prósentum í Marokkó og 2 prósentum í Túnis. Hvað útgjöld til hernaðarmála varðar, þá er erfitt að meta hagkvæmni þeirra. Þó virðast reynslurök benda til þess, að hernaðarútgjöld rýri hagvöxt vegna þeirra óæskilegu áhrifa, sem þau hafa á fjárfestingu og ráðstöfun framleiðsluaflla.<sup>25</sup> Hvað sem því líður, virðist ljóst, að Túnis hafi tekizt að nýta framleiðslugæði, sem að öðrum kosti hefðu runnið til hersins, til að bæta og efla menntun, heilsugæzlu, samgöngur, fjarskipti og aðra almannþjónustu. Af þessum sökum eru til að mynda 80 prósent allra vega í Túnis bundnir slitlagi, borið saman við 50 prósent í Marokkó og innan við 20 prósent í Egyptalandi. Góðir vegir glæða hagvöxt, svo fremi sem kostnaðurinn við að byggja þá og halda þeim við verður ekki meiri en ábatinn.

**Ferðaþjónusta.** Árið 1997 tók Túnis á móti 4,3 milljónum ferðamanna samanborið við 3,7 milljónir í Egyptalandi og 3,1 milljón í Marokkó. Eigi að síður voru tekjur Egyptalands af ferðaþjónustu árið 1997 24 prósent af útflutningi, og er það meira en í Marokkó (13 prósent) og Túnis (19 prósent). Hluttur ferðaþjónustu í útflutningi hefur verið óbreyttur í Marokkó og Túnis síðan árið 1970, á meðan hann hefur tvöfaldast í Egyptalandi (úr 12 prósentum árið 1970).


Ef við tökum þetta saman, þá virðist það ekki vera nein tilviljun, að lífskjör í Túnis hafa batnað hraðar á síðasta mannsaldri en í Marokkó og Egyptalandi. Meiri fjárfesting í Túnis, meiri viðskipti við umheiminn og meiri framlög til menntamála (og minni hernaðarútgjöld) virðast koma heim og saman við þá staðreynd, að hagvöxtur hefur verið mestur þar. Og þetta fellur einnig að kunnuglegu mynstri: hágæðafjárfesting, útflutningur og menntun örva hagvöxt, þegar til lengdar lætur, jafnvel þótt aðrir þættir, svo sem mikil verðbólga, viðamikill náttúruauð-

lindabúskapur og óarðbær ríkisútgjöld hneigist að sínu leyti til að draga úr hagvexti.

## VI. Úrúgvæ, Argentína og Spánn

Höldum þá til Suður-Ameríku. Fyrir á þessari öld var Úrúgvæ, ásamt Argentínu, meðal ríkustu landa heimsins, ríkara en Spánn til dæmis. Landið er frjósamt, og fyrir vikið blómstraði landbúnaður. Vegna þess metnaðar, sem var lagður í félagslegt öryggi þegnanna og félagslega þjónustu við þá, varð Úrúgvæ þekkt sem velferðarríki Suður-Ameríku. Ríkisstjórn landsins lék virkt hlutverk í efnahagsmálum. En smátt og smátt glataði efnahagslíf í Úrúgvæ framfaragneystanum. Tilraunir ríkisstjórnarinnar til að standa vörð um óbreytt ástand rýrðu aðlögunarhæfni hagkerfisins. Verndarstefna lagði lamandi hönd á efnahagslífið, ekki einungis innlend verndarstefna, heldur einnig erlend, því að landbúnaðarútflytningur Úrúgvæ galt búverndarstefnu Evrópuþjóðanna dýrum dómum. Um 1970 hafði þjóðarframleiðsla á hvern íbúa í Úrúgvæ hríðfallið niður í um 60% af sömu tölu á Spáni, og hún átti eftir að minnka enn frekar: árið 1997 var hún komin niður í 40% af þjóðarframleiðslu á mann á Spáni (mynd 5). Til samanburðar var þjóðarframleiðsla á mann enn um sinn hærri í Argentínu en á Spáni snemma á áttunda áratugnum, en hefur síðan þá minnkað

25. Sjá Malcolm Knight, Norman Loayza og Delano Villaneuva, „The Peace Dividend: Military Spending and Economic Growth,” *IMF Staff Papers* 43, marz 1996, bls. 1-37.



niður í 60% af þjóðarframleiðslu á mann á Spáni. Meðan á þessu stóð, losuðu Spánverjar sig við Franco hershöfðingja árið 1976, og lýðræðisríkið Spánn tók hraðstíggum framförum, gekk í Evrópusambandið árið 1986, opnaði hagkerfið út á við og jók útflutning úr 14 prósentum af landsframleiðslu á miðjum áttunda áratugnum í 26 prósent árið 1997.

Samanburðurinn sýnir, að hagvöxtur er afstæður. Efnahagur þjóðanna rís og hnígur í afstöðu sinni til annarra þjóða. Frá 1960 til 1997 óx þjóðarframleiðsla á mann (á föstu verðlagi og í gjaldeyri hvers lands um sig) að meðaltali um 1,2 prósent í Argentínu og Úrúgvæ borið saman við 3,3 prósent á Spáni. Gefið því sérstakan gaum, að hnignunin í Argentínu og Úrúgvæ hefur farið saman við *hækkandi* tekjur á hvern íbúa, þ.e. jákvæðan hagvöxt, flest árin – nánar tiltekið tvö ár af hverjum þrem – í Argentínu síðan 1970. Rökum þeirra, sem þráfaldlega vöruðu við hnignun Argentínu og þrýstu á um breytingar á hagstjórn til að snúa öflugþróuninni við á áttunda og níunda áratugnum sem og fyrir þann tíma, var yfirleitt hægt að mæta með því að vísa til jákvæðs hagvaxtar. Margir voru þess vegna blindaðir: þeir sáu ekki þá afstæðu hnignun, sem átti sér stað smám saman. Ef tvær þjóðir búa við sömu tekjur á mann í upphafi og það munar 3 prósentum á árlegum vexti í tekjum á mann, þá má ætla, að eftir sextíu ár verði sú þjóð, sem naut hraðari hagvaxtar, sex sinnum ríkari en hin. Þetta er í raun og veru það, sem gerðist í Argentínu og Úrúgvæ.<sup>26</sup>

Hvað fór úrskeiðis? Það er enginn skortur á útskýringum.<sup>27</sup> Hér munum við þó einungis reifa þrjár.

Fyrst er að geta þess, að stjórnmálaþróun Argentínu hélzt ekki í hendur við efnahagslegar

framfarir. Ójöfn skipting landareigna, sem fór saman við tilhneigingar til einokunar- og verndarstefnu, setti mark sitt á Argentínu undir spánskrri stjórn, sem leið undir lok árið 1816. Ástandið batnaði ekki mikið, eftir að Argentína öðlaðist sjálfstæði. Raunin var sú, að fámenn stétt landeigenda stjórnaði landinu með harðri hendi, og hikaði ekki við að nýta vald sitt til að koma í veg fyrir valddreifingu, þróun til lýðræðis og efnahagslega fjölbreytni í stað ofuráherzlu á landbúnað, sem hafði verið lífæð uppsveiflunnar frá 1895 til 1930. Í Evrópu var iðnaði, verzlun og þjónusta veitt nægilegt svigrúm í tæka tíð til að koma í stað landbúnaðar sem meginatvinnuvegur fjöldans. Stjórnmálaþróun og smám saman einnig efnahagsþróun Argentínu markaðist á hinn bóginn af harðnandi átökum milli landeigenda og borgarbúa, sem voru smátt og smátt að koma fram á sjónarsviðið. Lýðræðislega kjörnir leiðtogar höguðu sér stundum eins og einræðisherrar. Lífskjörum fólksins hrakaði með tímanum, eftir að útflutningur á landbúnaðarafurðum til Evrópu hrundi eftir 1930. Áhrifin ristu dýpra en ella vegna stjórnmálalegrar vanþróunar, sem leiddi síðan til þess, að Juan Perón var kjörinn forseti árið 1946. Hann lofaði hærri launum, auknum ríkisútgjöldum og þjóðnýtingu iðnfyrirtækja, sem voru í einkaeign. Það kemur ekki á óvart, að verðbólga og erlendar skuldir ruku upp úr öllu valdi. Herinn skarst í leikinn árið 1955 og hrakti Perón í útleð.

Næstu skýringu leiðir af hinni fyrstu. Sú efnahagsstefna, sem Argentína fylgdi eftir 1930, var meingölluð, þrátt fyrir tíð stjórnaðskipti, sem stundum áttu sér stað með lýðræðislegum hætti. Innflutningshöft, of hátt gengi og ófullnægjandi samkeppni leiddu til þess, að framleiðslugæðin leituðu í óarðbæra farvegi, og það dró úr utanríkisviðskiptum og leiddi til hnignandi lífskjara fólksins. Ólga meðal almennings, verðbólga, spilling og mikill straumur faglærðs fólks úr landinu stuðluðu að hægum og óstöðugum hagvexti. Samt er ekki skynsamlegt að skella skuldinni alfarið á Perón, jafnvel þótt ríkisstjórn hans hafi valdið umtalsverðum skaða. Óhjálkæmlegt er að leiða hugann að því í fyrsta lagi, hvers

26. En þó ekki alveg, því að frávikin í tekjum á mann meðal þessara þriggja landa eru hugsanlega ýkt, þar sem þjóðartekjur þeirra eru ekki reiknaðar á kaupmáttarkvarða. Á kaupmáttarkvarða árið 1997 var þjóðarframleiðsla á mann á Spáni 15.690 \$ (þ.e. alþjóðlegir Bandaríkjadalir), 10.100 \$ í Argentínu og 9.110 \$ í Úrúgvæ (Tafla 1).

27. Sjá til dæmis David Rock, *Argentina 1516-1987*, University of California Press, Berkeley, California, 1987.

vegna Perón var kosinn með yfirburðum, ekki einungis árið 1946, heldur aftur árið 1973. Vinsældir Peróns leiddi beint af stjórn málaegri vanþróun og þeirri röngu efnahagsstefnu, sem valdhafar í Argentínu höfðu framfylgt fyrir hans dag. Alvarlegustu mistökkin voru líklega sú tilraun að reisa verndarmúra um innlandan iðnað eftir 1930, þegar sýnt var, að landbúnaður þyrfti að víkja fyrir aukinni fjölbreytni efnahagslífsins. Kreppan mikla hafði vissulega þær afleiðingar, að erlendir markaðir lokuðust, en verndarstefnunni var haldið til streitu, eftir að kreppunni lauk. Fram á þennan dag hefur Argentína verið tiltölulega lokað hagkerfi, svo sem má ráða af því, að útflutningur nam einungis 9 prósentum af landsframleiðslu árið 1997 (og hafði þá aukizt úr 5 prósentum árið 1980). Til samanburðar var óvegið útflutningshlutfall heimsins 36 prósent að meðaltali 1997.<sup>28</sup> Úrúgvæ er einnig tiltölulega lokað hagkerfi, ekki sízt í ljósi þess, að þar búa einungis 3 milljónir manns: útflutningshlutfall landsins árið 1997 var einungis 13 prósent.

Þriðja hugsanlega skýringin varðar langa sögu mikillar verðbólgu í báðum löndunum. Á árunum 1960-1997 var verðbólga að meðaltali 111 prósent í Argentínu og 55 prósent í Úrúgvæ. Síðan 1994, í kjölfar róttækra efnahagsumbóta, sem ríkisstjórn Carlosar Menem forseta réðst í, hefur verðbólga í Argentínu hjaðnað, að minnsta kosti í bili. Eigi að síður virðist líklegt, að mikil verðbólga yfir löng tímabil, sem fór saman við of hátt skráð gengi og neikvæða raunvexti, hafi rýrt viðskipti og fjárfestingu í báðum löndunum og þannig dregið úr hagvexti. Í Úrúgvæ var verðbólguvandinn bókstaflega bundinn í stofnanir. *Tveir* seðlabankar voru starfræktir: annar af hefðbundnu tagi og starfaði samkvæmt þeirri viðteknu kenningu, að umframframboð á peningum leiði allajafna til verðbólgu, á meðan hinn bankinn, sem einnig var ríkisbanki og hafði leyfi

til að prenta peninga, vann samkvæmt hinni svonefndu raunseðlakeningu (e. real bills doctrine), sem kveður svo á, að prentun á peningum til framleiðsluþarfa muni ekki leiða til verðbólgu. Hugmyndin er ofureinföld: ef fyrirtæki lántakendanna eru nógu arðbær, þá mun fjármagnið, sem þeim er útvegað, auka framboð á vörum og þjónustu til jafns við eftirspurn, svo að engin verðbólga mun eiga sér stað. Eins og vænta má, fylgdi síðar nefndi bankinn rausnarlegri peningastefnu en hinn fyrr nefndi, og afleiðingarnar þurftu ekki að koma neinum á óvart.

Lærdómurinn, sem má draga af þessari stuttu og takmörkuðu greinargerð, er þessi: saga varðar miklu um hagvöxt, sem og stjórn mála, jafnvel þótt erfitt sé að mæla áhrif þeirra í hverju tilfelli nákvæmlega, hvað þá að sanna eitt eða neitt. Og það má vera, að verðbólga hafi einnig áhrif á hagvöxt, ekki einungis verðbólga sem slík, heldur einnig uppbygging og innviðir bankakerfisins og fjármála hins opinbera, sem verðbólgan sprettur af.

## VII. Haítí, Dóminíska lýðveldið og Barbados

Upp úr miðri síðustu öld, þegar þjóðir í Afríku voru við það að brjótast undan erlendri nýlendustjórn, var það útbreitt sjónarmið, ekki einungis í Afríku, heldur einnig annars staðar, að þráfalda fátækt í Afríku mætti að miklu leyti rekja til kúgunar og óstjórnar nýlenduvelldanna. Menn stóðu margir í þeirri trú, að frelsi og sjálfstæði myndu stórlega bæta kjör þjóðanna í Afríku. En sú varð þó ekki raunin. Þegar á heildina er litið, hafa þjóðir Afríku ekki farið hyggilega með eigin efnahags- og fjármál, eftir að þær öðluðust sjálfstæði.

Það er fyrst núna, kynslóð eftir að flestar þessara þjóða öðluðust sjálfstæði – nú þegar Sovétríkin og fylgihnettir þeirra heyra til fortíðarinnar og senda því ekki lengur efnahagsráðgjafa sína í stórum stíl til Afríku – að nýtt upphaf virðist vera innan seilingar í Afríku á grundvelli skynsamlegra efnahags- og kerfisumbóta í anda markaðsbúskapar fremur en miðstýringar. En það verður ekki auðvelt.

28. Vegið meðaltal af útflutningshlutfalli heimsins í heild, þar sem hvert land er vegið eftir stærð hagkerfisins, er lægra, eða 21 prósent (1997), þar eð stór lönd, sem flytja tiltölulega lítið út, sérstaklega Bandaríkin og Japan, vega þyngra.

**Haítí.** Þeir, sem kenndu óhæfum eða illgjörnum nýlendustjórum um allt, sem fór úrskaiðis í Afríku eða annars staðar, hefðu gjarnan mátt leiða hugann yfir hafið, til Haítí. Haítí laut spænskri stjórn og síðan franskri, en fékk sjálfstæði árið 1804. Nú, næstum 200 árum síðar, er Haítí eigi að síður ennþá eitt fátækasta land heimsins. Rányrkja er eftir sem áður arðvænlegasti atvinnuvegurinn. Auðug yfirstétt neytir stjórn mála- og hernaðarstyrks til að halda almenningi í fátækt og fáfræði.

Línan, sem liggur lægst í mynd 6, lýsir hagþróun á Haítí síðan árið 1964. Þjóðarframleiðsla á mann árið 1998 var 410 Bandaríkjadalir, sem er örlitlu meira en dalur á dag. Ef þjóðarframleiðsla á hvern íbúa er reiknuð á kaupmáttarkvarða, þá er hún ívið hærri, en ef litíð er yfir heiminn í heild, er Haítí eftir sem áður við botninn. Einungis 22 lönd eru fátækari en Haítí samkvæmt þessum kaupmáttarkvarða (World Bank Atlas 1999), á meðan 107 lönd eru auðugri. Aðrir efnahags- og félagsvísar segja svipaða sögu: lífslíkur, læsi, aðgengi að öruggu vatni, það er næstum sama, hvað nefnt er.

Við skulum nú, enn og aftur, líta á þrjár mikilsverðar uppsprettur hagvaxtar um heiminn: fjárfestingu, útflutning og menntun til að reyna að varpa ljósi á hörmulega lítinn hagvöxt á Haítí og hagvaxtarhorfur þar til framtíðar. Tölurnar tala einu máli: fjárfesting á Haítí nam 12 prósentum af landsframleiðslu að meðaltali árin 1960-1997, útflutningur nam 14 prósentum af landsframleiðslu á sama tímabili (og hefur heldur dregið saman, nam 8 prósentum af landsframleiðslu að jafnaði 1992-1997), og útgjöld til menntamála voru 1-2 prósent af þjóðarframleiðslu að meðaltali 1980-1990. Öll þessi hlutföll eru með eindæmum lág í samanburði við flest önnur lönd. Og þegar allt þrennt, fjárfesting, útflutningur og menntun, er ískyggilega rýrt í roðinu yfir löng tímabil, þá er efnahagsleg stöðnun óhjákvæmileg, ef ekki hrein og bein hnignun.

Þetta er samt ekki allt. Hagstjórn á Haítí er afleit: verðbólga var 25 prósent að meðaltali á ári 1990-1997. Erlend fjárfesting var næstum engin (0,1 prósent af landsframleiðslu 1997).

Samgöngu- og samskiptakerfi eru afar bágborin: einungis fjórðungur vegakerfisins er með bundnu slitlagi. Umhverfið hefur einnig verið vanrækt: skógar landsins eru svo til horfnir og þöktu einungis 1 prósent af yfirborði landsins 1995. Þannig mætti halda áfram. Þetta er raunalegt ástand í landi, sem hefur lagt drjúgan skerf til lista, ekki sízt málalistar.

**Dóminíska lýðveldið.** Haítí deilir eyjinni Hispaníólu með Dóminíska lýðveldinu, en það er vinsælasti áfangastaður ferðamanna í Karíbahafi (2,2 milljónir ferðamanna 1997 á móti 90.000 á Haítí). Fólksfjöldinn er svipaður í þessum löndum, eða 7 milljónir í hvoru landi. Dóminíska lýðveldið hefur verið sjálfstætt síðan 1865, en var áður spænsk nýlenda. Lífskjör eru mun betri en á Haítí. Ólæsi er 20 prósent í Dóminíska lýðveldinu borið saman við 50 prósent á Haítí.

Línan, sem liggur á miðri mynd 6, lýsir þróun þjóðarframleiðslu á hvern íbúa í Dóminíska lýðveldinu síðan 1964. Þjóðarframleiðsla á hvern íbúa (á kaupmáttarkvarða) var 4.690 Bandaríkjadalir 1997, sem er næstum fjórum sinnum hærri tala en á Haítí. Fjárfesting var 21 prósent af landsframleiðslu að jafnaði árin 1960-1997. Útflutningur var 26 prósent af landsframleiðslu að meðaltali yfir sama tímabil og hefur heldur aukizt. Meiri fjárfesting og meiri utanríkisviðskipti skýra eflaust að einhverju leyti, hvers vegna Dóminíska lýðveldinu hefur vegnað svo miklu betur en Haítí. Eigi að síður er útflutningshlutfall Dóminíska lýðveldisins langt neðan við heimsmeðaltal fyrir lítil lönd, sem eru háðari millilandaviðskiptum en stór lönd. Ennfremur hefur menntun verið vanrækt: útgjöld til menntamála í Dóminíska lýðveldinu voru um eða innan við 2 prósent af þjóðarframleiðslu 1980-1996, en engu að síður er ástand menntamála betra en á Haítí. Opinber og einkaleg útgjöld til heilsugæzlu námu 6 prósentum af landsframleiðslu í Dóminíska lýðveldinu 1994 borið saman við 4 prósent á Haítí. Það kemur því ekki á óvart, að fólk lifir að jafnaði lengur í Dóminíska lýðveldinu (71 ár) en á Haítí (54 ár).

**Barbados.** Til samanburðar sýnir línan efst á mynd 6, hvernig þjóðarframleiðsla á mann hefur



þróast á Barbados síðan 1964. Barbados er fyrrum brezk nýlenda og fékk sjálfstæði 1966. Efnahagur Barbados hefur batnað örum skrefum frá sjálfstæði. Fjárfesting var reyndar einungis einn fimmti af landsframleiðslu að meðaltali 1960-1997 og hefur dregið saman á síðari árum: þar er svigrúm til umbóta. Útflutningur nam eigi að síður 57 prósentum af landsframleiðslu að jafnaði 1960-1994 og hefur heldur aukizt. Þetta hlutfall, 57 prósent, er nokkru ofan við meðal útflutningshlutfall landa af sambærilegri stærð (með fólksfjölda um 300.000).

Veigamesti hlekkurinn í hagvexti Barbados er menntun fólksins: útgjöld til menntamála hafa aukizt úr 3 prósentum af þjóðarframleiðslu árið 1960 í 7-8 prósent 1989-1994. Ólæsi er einungis 1 prósent á móti 20 prósentum í Dóminíska Lýðveldinu og 50 prósentum á Haítí, eins og kom fram að ofan. Næstum öll ungmenni á Barbados (97 prósent) sækja framhaldsskóla borið saman við 45 prósent í Dóminíska Lýðveldinu og 24 prósent á Haítí, og 30 prósent hvers árgangs á Barbados sækja háskóla borið saman við 26 prósent í Dóminíska Lýðveldinu – og 1 prósent á Haítí! Hagstjórn hefur einnig verið styrk á Barbados: verðbólga var 1 prósent að meðaltali 1990-1997 borið saman við 12 prósent í Dóminíska Lýðveldinu og 25 prósent á Haítí. Samgöngu- og samskiptakerfi er einnig í tiltölulega góðu ástandi: næstum allir vegir eru bund-

nir slitlagi borið saman við helming vega í Dóminíska Lýðveldinu og fjórðung á Haítí.


Það þarf því ekki að koma neinum á óvart, þegar allt er tekið saman, að lífskjör á Barbados hafa batnað til mikilla muna frá sjálfstæði árið 1966. Að vísu var Barbados auðugra land í upphafi en hin löndin tvö, eins og mynd 6 sýnir. En landið var eigi að síður bláfátækt. Árið 1997 var þjóðarframleiðsla á mann í Barbados orðin næstum 20 sinnum meiri en á Haítí, eða 7.900 Bandaríkjadalir á Barbados borið saman við 400 dali á Haítí (og 1.800 dali í Dóminíska Lýðveldinu). Ef kaupmáttur er tekinn með í reikninginn, minnkar tekjumunurinn, en hann er eftir sem áður umtalsverður: 10.220 alþjóðlegir Bandaríkjadalir á Barbados (árið 1995) borið saman við 1.260 dali á Haítí (árið 1997), og 4.690 dali í Dóminíska Lýðveldinu.


## VIII. Madagaskar og Míritús

Síðasta dæmið sækjum við til Indlandshafs, en þar undan ströndum Afríku eru tvær stórfenglegar eyjar, meðal annarra.

Madagaskar, sem liggur 400 kílómetra undan austurströndinni, er ekki beinlínis á hvers manns vörum, þegar efnahagsmál ber á góma. En eyjan er eigi að síður fjórða stærsta eyja heimsins, á við Texas að stærð og stærri en Frakkland. Míritús, sem liggur eilítið austar, er örlítill, einungis 2.000 ferkílómetrar að flatarmáli. Madagaskar er strjálbýll, með 14 milljónir íbúa á móti 1 milljón á Míritús. Madagaskar var fyrr á tíð frönsk nýlenda og fékk sjálfstæði árið 1960. Míritús var fyrst undir stjórn Hollendinga, síðan Frakka, þá Breta, en fékk sjálfstæði árið 1968.

Mynd 7 sýnir feril landsframleiðslu á mann í löndunum tveim síðan 1964. Á Míritús hefur þjóðarframleiðsla á mann vaxið um meira en 3 prósent á ári að meðaltali síðan 1960, á meðan þjóðarframleiðsla á mann á Madagaskar hefur dregið saman um næstum 1½ prósent að jafnaði á ári (tafla 1). Árið 1964 voru tekjur á hvern íbúa á Míritús tvöfalt meiri en á Madagaskar. Þar til snemma á áttunda áratugnum virtist ekki fráleitt, að miðstýrt hagkerfi Madagaskar (valdhafarnir





sjálfir nefndu það „róttækan sósíalisma”) myndi leiða til viðunandi afkomu, jafnvel þótt það hafi bliknað í samanburði við blandað hagkerfi Máritíus, en síðan skildi leiðir með löndunum tveim, sérstaklega upp úr miðjum níunda áratugnum. Síðan 1980 hafa tekjur á hvern íbúa á Madagaskar minnkað, á meðan tekjur á hvern íbúa á Máritíus hafa vaxið hröðum skrefum. Ef tekið er tillit til mismunandi kaupmáttar, verður tekjumunurinn á þessum tveim löndum enn meiri: á þann mælikvarða voru tekjur á mann á Máritíus 1997 meira en tíu sinnum meiri en á Madagaskar, eða 9.230 alþjóðlegir Bandaríkjadalir á móti 900 dölum. Munurinn á hagvexti þessara tveggja landa var viðvarandi á tífunda áratugnum, eða næstum 4 prósentu hagvöxtur á hvern íbúa á Máritíus að jafnaði á árunum 1990-1997 borið saman við -2 prósent á Madagaskar.

Ef þessi hagvaxtarmunur væri allt, sem vitað væri um þessar tvær eyjar, hvað mætti þá ætla um aðra þætti efnahagslífsins?

- Hvort landanna bjó við meiri verðbólgu? Svarið er Madagaskar. Verðbólgan var nálægt 20 prósentum á ári að jafnaði frá 1980-1997, borið saman við 7 prósent á ári á Máritíus. Meiri verðbólga hélzt í hendur við minni hagvöxt – og kemur ekki á óvart.
- Hvort landanna var háðara útflutningi á frumframleiðslu? Svarið er aftur Madagaskar. Frumframleiðsla nemur nær helmingi af heild-

arútflytningi á vörum og þjónustu borið saman við um 20 prósent á Máritíus, sem tókst að auka fjölbreytni í efnahagslífinu og forðast, að sykuriðnaðurinn héldi þeirri ráðandi stöðu, sem hann hafði. Þetta kemur heim og saman við þá hugmynd, að gnægð náttúruauðlinda geti reynzt vera blendin blessun, eins og í Nígeríu, ef náttúruauðlindagnóttin hefur það í för með sér, að auðlindaútgerðin nær yfirþyrmandi stöðu í efnahagslífinu og seilist til samsvarandi áhrifa á stjórnmalavettvangi. Þetta er samt ekki einhlítt. Náttúruauðlindir hafa augljóslega komið Botsvana til góða, meðal annarra landa.

- Hvort þessara tveggja landa hefur stofnað til meiri skulda erlendis? Enn er svarið Madagaskar, en erlendar skuldir sem hlutfall af útflutningi á vörum og þjónustu árið 1997 voru fjórum sinnum meiri en á Máritíus, eða 370 prósent á móti 92 prósentum. Almannavaldið úthlutaði lánsfé til óarðbærra fyrirtækja á Madagaskar og dró fyrir vikið smám saman úr framleiðni fjármagns og hagvexti.
- Hvort landanna er opnara fyrir erlendum viðskiptum og fjárfestingu? Nú er svarið Máritíus, en útflutningur eyrakisins nam 62 prósentum af vergri landsframleiðslu árið 1997 gegn 22 prósentum á Madagaskar. Munurinn var jafnvel enn meiri fyrr á tímabilinu. Hrein og bein erlend fjárfesting á Máritíus nam 46 Bandaríkjadölum á hvern íbúa árið 1997 borið saman við 1 dal á mann á Madagaskar. Utanríkisverzlun stuðlar að hagvexti, sagði Adam Smith; ekkert nýtt hér.
- Hvort landið fjárfestir meira? Svarið er aftur Máritíus, þar sem fjárfesting jafngilti 28 prósentum af landsframleiðslu árið 1997 borið saman við einungis 12 prósent á Madagaskar. Arðbær fjárfesting, sem lýtur lögmálum markaðarins, er mikilsverð uppspretta hagvaxtar, engu síður á fjarlægum eyjum en annars staðar.
- Hvort landið er lengra komið á leið sinni frá landbúnaði til iðnaðar, verzlunar og þjónustu? Svarið er enn Máritíus, þar sem landbúnaður nemur einungis 9 prósentum af landsframleiðslu á móti næstum þriðjungu á Madagaskar. Máritíus tekur á móti meira en hálfri

milljón erlendra ferðamanna á ári borið saman við um 80.000 á Madagaskar. Bæði löndin eru aðlaðandi áfangastaðir ferðamanna, ekki sízt vegna sérstæðrar og fjölbreytilegrar náttúru.

- Hvort landið sendir fleiri stúlkur í skóla? Enn er það Míritíus. Þar ganga næstum allar stúlkur í grunnskóla borið saman við 62 prósent á Madagaskar. Þetta skiptir miklu máli vegna þess, að góð menntun stúlkna bætir heilsu, eykur lífslíkur og dregur úr fólksfjölgun, og er því að líkindum forsenda hagvaxtar í fátækum löndum. Meiri menntun helzt í hendur við minni landbúnað.
- Í hvoru landinu lánar bankakerfið meira fé til einkafyrirtækja? Míritíus. Útlán bankanna til einkafyrirtækja á Míritíus námu 50 prósentum af landsframleiðslu árið 1997 á móti 10 prósentum á Madagaskar. Á Míritíus stóð einkageirinn að baki þrem fjórðu hlutum heildarfjárfestingar borið saman við minna en helming á Madagaskar.

## IX. Niðurstaða

Tæpast er þörf á því að taka fram, að samanburðardæmin hér að ofan má ekki taka of bókstaflega. Samanburðinum er ekki ætlað að lýsa upp allar hliðar hagvaxtarins, sem hagfræðingar um allan heim fást við að rannsaka af miklu kappi um þessar mundir. Í fyrsta lagi getur verið erfitt að greina orsakir frá afleiðingum í sumum tilfellum. Meiri og betri menntun og greiðari millilandaviðskipti eru til dæmis bæði orsök og afleiðing hagvaxtar. Ennfremur þarf meira en

einungis tvö lönd eða fáein landapör eða klasa til að komast til botns í athugunum á hagvexti þjóðanna. Eigi að síður eiga dæmin að ofan þó augljóslega eitt sameiginlegt: öll beina þau sjónum að hagstærðum, þar á meðal hagkerfinu, hagstjórn og stofnunum fremur en utanaðkomandi tækni sem mikilvægum uppsprettum hagvaxtar til langs tíma litið. Þetta er kjarninn í kenningunni um innri hagvöxt. Með innri hagvexti er átt við það, að hagvöxtur ræðst að minnsta kosti að hluta til af hagrænum þáttum ekki síður en einberum tækniframförum, þegar til lengdar lætur, og á suma þessara þátta – eins og raunar einnig á tækni! – getur hagstjórn haft áhrif. Ytri hagvöxtur er aftur á móti ónæmur fyrir efnahagslegum áhrifum til lengdar. Góð hagvaxtarkenning verður að geta útskýrt, hvers vegna sum lönd vaxa í sundur, á meðan önnur vaxa saman.

Hagvöxtur er umdeilt og flókið fyrirbæri. Samt benda bæði reynslusögur og rannsóknir til þess, að hagvöxtur, bæði samkvæmt kenningunni og í reynd, sé alls fjarri því að vera handan mannlegs valds. Hagvöxtur ræðst í veigamiklum atriðum af fúsum og frjálsum vilja fólks, bæði einstaklinga og almannavalds. Sir Arthur Lewis hafði á réttu að standa:

Eftir heimsstyrjöldina síðari hefur það orðið deginum ljósara, að ör hagvöxtur stendur þeim löndum til boða, sem búa við nægar náttúruauðlindir og gera nóg til þess að ná örum vexti.<sup>29</sup>

29. W. Arthur Lewis, *Some Aspects of Economic Development*, Ghana Publishing Corporation, Accra and Tema, 1968. Nýlegar rannsóknir benda þó til þess, að þjóðir án náttúruauðlinda geti náð örum hagvexti engu síður en aðrar, jafnvel enn frekar. Sjá tilvísanir í neðanmálgrein 24.